

Nd.

619. Frumvarp til laga

[336. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (SV, PJ, SJS, EH, HBl, ÞS).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein sem verður 3. gr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða skv. tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar skv. lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 0,20% gjald af afurðum sauðfjár og nautgripa og allt að 1% gjald af afurðum annarra búgreina til viðbótar gjaldi skv. 2. gr. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á, að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarpið um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum kom til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd neðri deildar á s.l. þingi komu fram eindregin tilmæli frá búgreinasamböndunum að sett yrði inn í frumvarpið heimild fyrir ráðherra að ákveða innheimtu gjalds þess sem hér er lagt til að innheimta. Þessari málaleitan var vel tekið af nefndarmönnum en að athuguðu máli þótti eðlilegra að slík heimild yrði sett inn í lögum um búnaðarmálasjóð.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með þessu frumvarpi hafa flest búgreinasamböndin, og einnig stjórn Stéttarsambands bænda, óskað eftir því að lögunum um búnaðarmálasjóð verði nú þegar breytt á þann hátt sem hér er lagt til með þessu frumvarpi.

Fylgiskjal I.

Stéttarsamband bænda.
Reykjavík, 2. mars 1986.

Hr. landbúnaðarráðherra
Jón Helgason
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 21. f.m. var rætt um leiðir til þess að tryggja búgreinafélögunum tekjustofn.

Ljóst er að lögín um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og sú breyting, sem ákveðin var á uppbyggingu samtakanna á s.l. ári, leggur Stéttarsambandi bænda mjög auknar skyldur á herðar og kallar á aukin umsvif þess á næstu árum. Því er ekki svigrúm til þess að leysa fjárþörf búgreinafélaganna innan þess fjárhagsramma sem Stéttarsambandinu er settur með lögunum um búnaðarmálasjóð.

Stjórn Stéttarsambandsins leggur hins vegar áherslu á að hlutverk búgreinafélaganna er mjög mikilvægt í hinu nýja skipulagi sem búvörulögin og nýjar samþykktir Stéttarsambandsins móta og því brýnt að þeim sé tryggður fastur tekjustofn.

Eftir ítarlegar umræður á stjórnarfundinum 21. febrúar s.l. var eftirfarandi ályktun samþykkt um þetta efni:

„Stjórn Stéttarsambands bænda mælir með því við landbúnaðarráðherra að eftirfarandi breyting verði gerð á lögum nr. 40/1982:

Á eftir 2. gr. komi ný gr., 3. gr., er orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða samkvæmt tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar skv. lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 1% gjald af afurðum viðkomandi búgreinar til viðbótar gjaldi samkvæmt 2. grein. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á, að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.“

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Stéttarsambands bænda.

Hákon Sigurgrímsson.

Fylgiskjal II.

Landssamband sauðfjárbænda,
Jóhannes Kristjánsson,
Höfðabrekku, 16. jan. 1986.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar,
Stefáns Valgeirssonar og
landbúnaðarnefndar efri deildar,
Egils Jónssonar.

Eins og kunnugt er voru á s.l. sumri stofnuð Landssamtök sauðfjárbænda. Um tilgang og markmið samtakanna segir svo í 3. gr. laga þeirra:

„Tilgangur LS er að móta sölumarkað fyrir sauðfjárafurðir, skapa tengsl og samstöðu framleiðenda til eflingar sauðfjárræktinni og koma til móts við óskir neytenda um vöruval og vörugæði.“

Ljóst er að til þess að þessum markmiðum verði náð þarf að tryggja samtökunum öruggan tekjustofn.

Stjórnin telur að þrátt fyrir nokkuð almenna þátttöku sauðfjárbænda í samtökunum sé ekki eðlilegt að fjárþörf þeirra verði mætt með félagsgjöldum.

Samtökin vinna að hagsmunum allra þeirra er sauðfjárbúskap stunda — og því eðlilegt að fjárþörf þeirra verði í framtíðinni mætt með gjaldtöku af allri framleiðslu sauðfjárafurða.

Samtökin hafa þegar unnið verulegt starf í öflun markaða erlendis og einnig að eflingu innanlandsmarkaðar. Því er augljóst að samtökin hafa sannað tilverurétt sinn.

Stjórn LS fer þess því eindregið á leit við landbúnaðarnefndir Alþingis að lögum nr. 40/1982, um búnaðarmálasjóð, verði breytt þannig að Landssamtökum sauðfjárbænda verði tryggður tekjustofn sem svarar til 0,20% af heildarverðmæti sauðfjárafurða sem reiknast í hlutfalli af því verði sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Virðingarfyllst,
í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda,

Jóhannes Kristjánsson
formaður.

Rúnar Hálfðánarson
gjaldkeri.